

Umsögn Landspítala vegna tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala.

143. löggjafarþing 2013-2014. Þingskjal 10-10.mál.

Landspítali mælir eindregið með því að Alþingi samþykki tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala.

Greinargerð sú sem fylgir tillögunni til þingsályktunar dregur vel fram forsögu málsins og þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í undirbúning að sameiningu bráðastarfsemi Landspítala á lóð spítalans við Hringbraut. Þá er í greinargerðinni vakin athygli á vinnu norskra sjúkrahússérfræðinga sem reiknuðu út fjárhagslegan ávinning sem hlýst af nýju byggingunum. Loks er ítarlega fjallað um afleiðingar þess að gera ekkert í húsnæðismálum Landspítala.

Landspítali vill til viðbótar benda á að sú mikla vinna og fjármunir sem lögð hefur verið í undirbúning málsins liggur nú undir skemmdum. Ef ekki verður haldið áfram með verkefnið á næstu misserum þá mun þekking á því glatast og nýjar áherslur koma fram sem kunna að leiða til þess að leggja verði undirbúningsvinnuna til hliðar og byrja aftur á byrjunarreit þegar ákveðið verður að ráðast í verkefnið.

Virðingarfyllst,



Páll Matthíasson, forstjóri